



Foreldraráð Hafnarfjarðar

Fræðsluráð Hafnarfjarðar
Magnús Baldursson, fræðslustjóri
Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
Strandgötu 6, 220 Hafnarfjörður

Hafnarfjörður, 2. janúar 2013

Umsögn frá Foreldraráði Hafnarfjarðar um eftirfarandi tillögu Sjálfstæðisflokksins, sem lögð var fram í bæjarstjórn Hafnarfjarðar 5. desember sl. og vísað var til fræðslursáðs, tekin til umfjöllunar.

„Betri nýting skólahúsnæðis

þar sem ekki liggur fyrir að hægt sé að ráðast í fjárfrekar framkvæmdir í bænum á næstu mánuðum vegna skuldastöðu sveitarfélagsins og ákvæði í lánasamningum við lánadrottna samþykkir bæjarstjórn Hafnarfjarðar að leita leiða til að leysa húsnæðisvanda við Áslands- og Hraunvallaskóla með öðrum hætti en viðbyggingum.

Ljóst er að í bænum er nægilegt húsnæði fyrir grunnskóla miðað við framkomnar tölur um nemendafjölda og spá um áætlaðan nemendafjölda fram til ársins 2017. Því er lagt til að húsnæði í öðrum skólum bæjarins eða nálægum mannvirkjum verði nýtt til kennslu tímabundið.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti með 11 samhljóða atkvæðum að vísa framlagðri tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokks – Betri nýting skólahúsnæði – til fræðsluráðs til frekari skoðunar.“

Foreldraráð Hafnarfjarðar hafnar tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins að leysa húsnæðisvanda Áslandsskóla og Hraunvallaskóla með öðrum hætti en viðbyggingum.

Foreldraráð Hafnarfjarðar lýsir áhyggjum sínum yfir því að þarfir barna séu ekki settar í forgang með þessari tillögu. Öll börn eiga rétt á að sækja skóla í sínu skólahverfi.


Sú tillaga að nýta húsnæði í öðrum skólum bæjarins er óskýr og illa ígrunduð. Ekki er gert ráð fyrir því í tillögunni hvaða skólar geta tekið við börnum úr öðrum skólum. Ekki er heldur tekið fram í tillögunni hvort vissir árgangar sækja aðra skóla en sinn hverfis-skóla eða hvort visst námsfag verði kennt í öðrum skóla en hverfis-skóla til að koma til móts við þröngan húsnæðiskost í Áslandsskóla og Hraunvallaskóla.

Tillagan um að nýta nálæg mannvirki til kennslu tímabundið er sömuleiðis óskýr. Ekki kom öll húsnaði til greina sem skólahúsnaði og þarf fræðsluvið að fara eftir þeim lögum og reglugerðum sem snúa að gerð og búnað grunnskólahúsnaðis og skólalóða, öryggi og eftirliti með þeim.

Foreldraráð Hafnarfjarðar bendir jafnframt á að jafnaði eru tímabundnar lausnir dýrari en varanlegar lausnir.

Að lokum vill Foreldraráð Hafnarfjarðar benda á að meðan ekki eru vel útfærðar og skýrar tillögur settar fram, getur Foreldraráð Hafnarfjarðar ekki samþykkt tillöguna. Húsnaðisvandi Áslandsskóla og Hraunvallaskóla þarf að leysa sem fyrst svo nemendur og starfsfólk tilgreinda skóla geti hafið störf við viðunnandi aðstæður haustið 2013.

f.h. Foreldraráðs Hafnarfjarðar



Jóhanna Sveinbjörg B. Traustadóttir